

„Settu ríplætúol á meilið og  
séséaðu á mig“

Eða gætum við kannski talað um tölvur á íslensku?

---

**Haraldur Bernharðsson**

Íslenskri málnefnd

haraldr@hi.is

**„Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum?“**

Hádegisfundur Skýrslutæknifélags Íslands

8. maí 2013

○ ○ ○ Inbox (11091 messages, 22 unread)

Get Mail New Message Note Delete Junk Reply Reply All Forward Show Related Messages Flag

Show | **Inbox (22)** Sent Notes Drafts (21) Flagged

○ ○ ○ Hádegisfundur: Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum? - Grand hóteli 8. maí kl. 12-14 — Inbox

Delete Junk Reply Reply All Forward Print Flag

**From:** Skýrslutæknifélag Íslands <sky@sky.is> [Hide](#)  
**Subject:** Hádegisfundur: Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum? - Grand hóteli 8. maí kl. 12-14  
**Date:** 6. maí 2013 12:53:48 GMT+00:00  
**To:** Skýrslutæknifélag Íslands <sky@sky.is>

4 Attachments, 7 KB Save ▾ Quick Look



**Hádegisfundur miðvikudaginn 8. maí kl. 12-14  
á Grand hóteli**

**„Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum?“**

Twitter umræður: @Skylceland #islenska

# Hugbúnaðarþýðingar: góð staða

---

- Algeng stýrikerfi með íslensku viðmóti:
  - Windows 98 (2000), Windows XP (2006), Windows Vista (2008), Windows 7 (2010), **Windows 8 (2012)**
- Algengur notendahugbúnaður með íslensku viðmóti:
  - Microsoft Office 2003 (2004), Microsoft Office 2007 (2008), **Microsoft Office 2010 (2011)**
    - Excel, OneNote, Outlook, PowerPoint, Word
- Farsímar með íslensku viðmóti:
  - Nokia, Ericsson, Motorola og margir fleiri.
  - Staðan mjög góð — þangað til ...

# Hugbúnaðarþýðingar: bakslag

- ... farsímarnir urðu að tölvum — snjallsímum!
- Enskan allsráðandi framan af.



# Hugbúnaðarþýðingar: á réttri leið

---

- Opinn hugbúnaður: þýðing hafin en mislangt komin
  - Linux stýrikerfið
  - OpenOffice
  - Þýðingar að mestu eða öllu leyti sjálfbóðastarf.

# Hugbúnaðarþýðingar: afleit staða

---

- Algeng stýrikerfi **ekki fáanleg** með íslensku viðmóti:
  - Mac OS X Mountain Lion
  - Mac iOS 6 — stýrikerfi iPad og iPhone
- Algengur notendahugbúnaður **ekki fáanlegur** með íslensku viðmóti (fáein dæmi — listinn er annars langur):
  - Apple hugbúnaður
    - Safari, Mail, iCal, Address Book, iTunes, iWork (Pages, Keynote, Numbers), iLife (iPhoto, iMovie, GarageBand)
  - Adobe hugbúnaður
    - Photoshop, Illustrator

# Íðorðastarf og þýðendur

---

- Íðorðastarf

- Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands hefur starfað í áratugi.
- **Tölvuorðasafn** — 5. útgáfa 2013.
- Í 4. útgáfu: Um 7.700 íslensk heiti og um 8.500 ensk heiti á rúmlega 6.500 hugtökum sem lúta að upplýsingatækni og tölvunotkun.
- Mikilvægt verkefni sem halda þarf áfram.
- Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: **Orðabanki**.

- Reyndir og góðir þýðendur

- Fyrirtæki í hugbúnaðarþýðingum: Skjal, Markmál o.fl.
- Fjölmargir þýðendur opins hugbúnaðar: dýrmætt sjálfboðaliðastarf.



# Útbreiðsla: tungumálapakkar

---

- Gríðarlegar framfarir í þróun tungumálapakka.
- Windows 8: tungumálapakkar fyrir nær 100 tungumál
  - albanska, baskneska, eistneska, galísíska, igbo, íslenska, jorúba, xhosa, zulu, kasakska, sínhalska, tamílska, telúgu, úrdú, úsbeska, velska, ...
- Auðvelt fyrir notanda að skipta á milli tungumála.
- Íslenskt viðmót í Windows auðfengið.
- Framtíð íslensks viðmóts tryggð — eða hvað?



# Tölvur og íslenskt mál í grunnskólum

- Könnun Capacent Gallup fyrir mennta- og menningarmála-  
ráðuneytið í febrúar–mars 2012

- Hvert er sjálfgefið tungumál  
notendaviðmóts  
Windows stýrikerfisins  
á tölvum sem nemendur  
hafa aðgang að í skólanum?

| <b>Svör</b>                 | <b>Fjöldi</b> | <b>Hlutfall</b> |
|-----------------------------|---------------|-----------------|
| íslenska                    | 94            | 55,6%           |
| enska                       | 65            | 38,5%           |
| stýrikerfi ekki í<br>notkun | 4             | 2,4%            |
| veit ekki                   | 6             | 3,6%            |
| á ekki við                  | 1             | 0,6%            |
| <b>Alls</b>                 | <b>170</b>    | <b>100%</b>     |

# Tölvur og íslenskt mál í grunnskólum

---

- Könnun Capacent Gallup fyrir mennta- og menningarmála-ráðuneytið í febrúar–mars 2012
- Er það opinber stefna skólans að viðmót á tölvum sem nemendur nota sé á íslensku?

| <b>Svör</b> | <b>Fjöldi</b> | <b>Hlutfall</b> |
|-------------|---------------|-----------------|
| Já          | 100           | 58,8%           |
| Nei         | 70            | 41,2%           |
| <b>Alls</b> | <b>170</b>    | <b>100%</b>     |

# Útbreiðsla: furðulega takmörkuð

---

- Íslenskt viðmót Windows og Office fáanlegt án sérstaks viðbótargjalds.
- Útbreiðsla virðist þó furðulega takmörkuð.
- Hvers vegna?
  - (1) Notendur vita ekki af íslensku þýðingunni.
  - (2) Tregða, tortryggni.
    - Íslensk þýðing Windows 98 þótti ekki gefast nógu vel.

# Útbreiðsla: mótbárurnar

---

- Enska viðmótið er alþjóðlegt.
  - Rangt: Notendaviðmót er ekki á ensku um heim allan!
- Íslenska viðmótið er óskiljanlegt.
  - Hægt að venjast því ekki síður en enska viðmótinu.
- Íslenska ekki sjálfgefið mál; tölvun kom uppsett á ensku.
  - Hvers vegna setja íslenskir smásalar tölvurnar ekki upp á íslensku?
- **Vilja Íslendingar virkilega ekki notendaviðmót á íslensku?**

# Ár vas alda ...

---



1984



# Ísland árið 1986

MORGUNBLAÐIÐ, VIÐSKIPTILAVINNULÍF FIMMTUDAGUR 23. JANÚAR 1986 B 15

## AÐ RENNA 5 NÝJUM STÖÐUM UNDIR REKSTURINN

**F**orritasamtæðan **STÖÐ** (Assistant Series) er nýr hugbúnaður fyrir IBM PC einkatölvurnar. Þetta eru 5 samræmd forrit á íslensku, einföld og þægileg. Þegar notandinn hefur lært á eitt þeirra á hann auðvelt með að tileinka sér hin.

Mestu varðar að forritin vinna öll saman. Þau nýta gögnin hvert frá öðru og flytja þau sín á milli. Og í hvert sinn, sem þú bætir nýju forriti við í samtæðuna, stóreykst heildarvirkni hennar.

IBM STÖÐ forritin aðstoða þig dyggilega við gagnaskráningu, skýrslugerð, myndgerð, ritvinnslu og áætlanagerð. Forritin henta þér ekki aðeins við núverandi aðstæður. Þau renna nýjum stöðum undir rekstur fyrirtækisins og geta fylgt vexti þess eftir í framtíðinni.

Kauptu eitt núna. Eða kauptu þau öll. Það gildir einu því að hvert forrit er sjálfstæð eining. Þú getur byrjað með eitt og bætt öðrum við síðar. Samvinna þeirra er alltaf fullkomin.

### SKRÁSTÖÐ

Einfalt og auðlært kerfi til að skipuleggja gögn og geyma þau, tilbúin til vinnslu. Þetta forrit veitir þér aðgang að mikilsverðum upplýsingum á nokkrum sekúndum.

### SKÝRSLUSTÖÐ

Setur hvers konar upplýsingar fram í snyrtilegum og aðgengilegum skýrslum. Með hjálp þessa forrits sameinar þú upplýsingar, berð þær saman og sundurgreinar.

### MYNDSTÖÐ

Með Myndstöðinni setur þú fram stærðir í línuritum og stólparitum eða á öðru myndmáli. Forritið notar t.d. gögn úr Skrástöð og Skýrslustöð. Myndirnar birtast á skjánum og þær má að sjálfsöðgu prenta.

### RITSTÖÐ

Ritstöðin er ritvinnslukerfi. Forritið sækir t.d. gögn í Skrástöð og Skýrslustöð og fellir myndir úr Myndstöð inn í textann. Allt, sem fram kemur á skjánum við ritun, prentast nákvæmlega eins á pappír.

### ÁÆTLUNARSTÖÐ

Forritið er einfaldur en snjall töflureiknir fyrir áætlanagerð og útreikninga. Með forritinu er auðvelt að reikna ýmsa liði áætlana og þú getur spurt það hvað breytist ef nýjar forsendur koma inn í reksturinn.

**IBM**

**Söluumboð:**  
Skrifstofuvélar hf.  
Óttó A. Michelsen, Hverfisgötu 33,  
Reykjavík, sími 20560

Örtölvutækni hf., Ármúla 38,  
Reykjavík, sími 687220

Gísli J. Johnsen  
Skrifstofubúnaður sf., Nýbýlavegi 16,  
Kópavogi, sími 641222

SKÝRR — Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar annast heildarinnkaup og dreifingu á STÖÐ forritasamtæðunni fyrir ríkisstofnanir.

## WordPerfect Íslensk ritvinnsla

WordPerfect er konungur ritvinnslunnar. Þegar keppinautarnir ætla að sanna snilli sína bera þeir sig saman við okkur. Loksins er þessi öflug hugbúnaður orðinn íslenskur ríkisborgari.

**Íslenskt forrit – íslensk stafsetning**  
WordPerfect er íslenskt forrit. Það skiptir orðum rétt milli lína og þekkir reglur um stafsetningu. Þegar þú biður um les WordPerfect prófarkir, bendir á villur og kemur með uppástungur um rétta stafsetningu. Svona eiga ritvinnsluforrit að vera!

**Allt sem þú vilt fá á pappír**  
Styrkur WordPerfect er einfaldleiki. Þú þarft ekki að læra þreytandi skipanir eða flóknar reglur. Ef þú ætlar að feitletra fyrirögn, jafna dálka, setja inn neðanmálsgreinar eða kalla fram stærðfræðiták sérðu árangurinn umsvifalaust. Allt sem þú vilt fá á pappír sést á skjánum. Svo kann WordPerfect að umgangast rúmlega 200 tegundir af prenturum.

**Hæverski ritstjórn**  
Þeir sem vinna með skrifað orð hafa allir sömu grunnþarfir. Gildir einu hvort viðfangsefnið er þriggja binda ritverk eða sendibréf. Ritvinnslan er hjálpartæki sem auðveldar leiðréttingar, viðbætur og úrfellingar. WordPerfect veitir að það er mannlegt að gera mistök. Þegar þú þurrkar út heilan kafla úr ævisögunni og sérð þig um hönd stuttu síðar, ekki órænta. Forritið man síðustu þrjár úrfellingarnar og rifjar þær upp.

**Vertu velkomin(n) í hópin!**  
Fjöldi Íslendinga þekkir WordPerfect. Notendur hans eru allir á einu máli: Ef þú gerir miklar kröfur til ritvinnslu stenst WordPerfect þær allar.

hugbúnaður – forritun – ráðgjöf

**Rafreiknir**

Armúli 40 108 Reykjavík, sími 681011



# Ísland árið 1986


**F**orritasamstæðan **STOÐ** (Assistant Series) er nýr hugbúnaður fyrir IBM PC einkatölvurnar. Þetta eru 5 samræmd forrit á íslensku, einföld og þægileg. Þegar notandinn hefur lært á eitt þeirra á hann auðvelt með að tileinka sér hin.

Mestu varðar að forritin vinna öll saman. Þau nýta gögnin hvert frá öðru og flytja þau sín á milli. Og í hvert sinn, sem þú bætir nýju forriti við í samstæðuna, stóreykst heildarvirkni hennar.

IBM STOD forritin aðstoða þig dyggilega við gagnaskráningu, skýrslugerð, myndgerð, ritvinnslu og áætlanagerð. Forritin

|                         |                    |
|-------------------------|--------------------|
| Ref: Hilser Beprehmen   | Ref: 3456-5235     |
| Rechnung: Poliertr 04   | Platznummer: 238   |
| Stell: 3452             | Sticker: Beprenger |
| Klassifizierung: Cifler | Stückzahl: 001     |
| Reiz: 3_                |                    |
| 148. 118                | 148. 118           |
| 11. 118                 | 11. 118            |
|                         | 118. 118           |

|                                                                                                               |                                                             |      |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------|------|
| Ogða þou ap gild von þú vilt hafa í skjotskoni með íttarlóslaga.<br>H íttarlóslaga er með og just þú ap gild. |                                                             | Dmi: |
| „ppl“                                                                                                         | F1000                                                       |      |
| „abc“                                                                                                         | „abc“ ablar (hæstafir) eða (hæstafir)                       |      |
| „ppp“                                                                                                         | H11 með von enda á „ppp“                                    |      |
| „abc“                                                                                                         | H11 með von þessu á „abc“                                   |      |
| „ppp“                                                                                                         | H11 með von lóðlaga „ppp“<br>H11 með                        |      |
| „and“                                                                                                         | H11 á stafa með von enda á „and“ í „hand“, „hand“,<br>of l. |      |
| „lll“                                                                                                         | Allar tölur (þr) en 30                                      |      |



# SKRÁSTOÐ



**T** Einfalt og auðlært ker  
skipuleggja gögn og  
þau, tilbúin til vinnslu. Þetta  
veitir þér aðgang að mikils  
upplýsingum á nokkrum sekú

# SKÝRSLUSTOF



**T** Setur hvers konar  
ingar fram í snyrtilegum  
aðgengilegum skýrslum. Með  
þessa forrits sameinar þú upplýsingar  
berð þær saman og sundurgreina

# MYNDSTOF



**F** Með Myndstoðinni s  
fram stærðir í línuri  
stólparitum eða á öðru myndm  
ritið notar t.d. gögn úr Skrá  
Skýrslustoð. Myndirnar birtast



# Ísland árið 1986

## WordPerfect Íslensk ritvinnsla

WordPerfect er konungur ritvinnslunnar. Þegar keppinautarnir ætla að sanna snilli sína bera þeir sig saman við okkur. Loksins er þessi öflugi hugbúnaður orðinn íslenskur ríkisborgari.

### Íslenskt forrit – íslensk stafsetning

WordPerfect er íslenskt forrit. Það skiptir orðum rétt milli lína og þekkir reglur um stafsetningu. Þegar þú biður um les WordPerfect prófarkir, bendir á villur og kemur með uppástungur um rétta stafsetningu. Svona eiga ritvinnsluforrit að vera!

### Allt sem þú vilt fá á pappír

Styrkur WordPerfect er einfaldleiki. Þú þarft ekki að læra þreytandi skipanir eða flóknar reglur. Ef þú ætlar að feitletra fyrir sögn, jafna dálka, setja inn neðanmálsgreinar eða kalla fram stærðfræðitákni sérðu árangurinn umsvifalaust. Allt sem þú vilt

fá á pappír sést á skjánum. Svo kann WordPerfect að umgangast rúmlega 200 tegundir af prenturum.

### Hæverski ritstjórnin

Þeir sem vinna með skrifað orð hafa allir sömu grunnþarfir. Gildir einu hvort viðfangsefnið er þriggja binda ritverk eða sendibréf. Ritvinnslan er hjálpartæki sem auðveldar leiðréttingar, viðbætur og úrfellingar. WordPerfect veit að það er mannlegt að gera mistök. Þegar þú þurrkar út heilan kafla úr ævisögunni og sérð þig um hönd stuttu síðar, ekki örvænta. Forritið man síðustu þrjár úrfellingarnar og rifjar þær upp.

### Vertu velkomin(n) í hópinn!

Fjöldi Íslendinga þekkir WordPerfect. Notendur hans eru allir á einu máli: Ef þú gerir miklar kröfur til ritvinnslu stenst WordPerfect þær allar.



NÚ MEÐ 160 Mb HARÐDISKI!

# Macintosh LC 475 með ClarisWorks


Macintosh LC 475 er tilvalin tölva hvort heldur er fyrir heimili, skóla eða fyrirtæki. Hún er meira en tvöfalt öflugri en Macintosh LC III og verðið á sér engan líka.

Tölvan er með 14" hágæða Apple-litaskjá, hnappaborði, mús, 4 Mb vinnsluminni og 160 Mb harðdiski. Vinnsluminnið má auka í allt að 36 Mb og með auknu skjáminni getur tölvan birt þúsundir lita. Nettenging er innbyggð og þannig má tengja hana við aðrar tölvur til að samnýta t.d. prentara, senda upplýsingar á milli tölva og vinna í sameiginlegum gögnum.

Svo er stýrikerfi Macintosh-tölvanna auðvitað allt á íslensku.

Samanburður á vinnslugetu:

|  |                          |
|--|--------------------------|
|  | Macintosh Classic        |
|  | Macintosh Colour Classic |
|  | Macintosh LC             |
|  | Macintosh LCIII          |
|  | <b>Macintosh LC 475</b>  |
|  | Macintosh Quadra 700     |



Að auki fylgir tölvunni íslensk útgáfa hins margverðlaunaða forrits ClarisWorks, en það er með sex mismunandi vinnslumöguleikum: ritvinnsla, teiknun, málun, töflureikni, gagnagrunni og samskiptum. Andvirði forritsins er um 22.000,- kr. en í takmarkaðan tíma fylgir það Macintosh LC 475-tölvunum ókeypis.

Verð á Macintosh LC 475 er aðeins: 136.737,- kr. eða **129.900,-** stgr.

Umboðsmenn:

Haftækni, Akureyri  
Póllinn, Ísafirði



Apple-umboðið hf.  
Skiopholti 21, sími: (91) 62 48 00



Macintosh LC 475 er tilvalin tölva hvort heldur er fyrir heimili, skóla eða fyrirtæki. Hún er meira en tvöfalt öflugri en Macintosh LC III og verðið á sér engan líka.

Tölvan er með 14" hágæða Apple-litaskjá, hnappaborði, mús, 4 Mb vinnsluminni og 160 Mb harðdiski. Vinnsluminnið má auka í allt að 36 Mb og með auknu skjáminni getur tölvan birt þúsundir lita. Nettenging er innbyggð og þannig má tengja hana við aðrar tölvur til að samnýta t.d. prentara, senda upplýsingar á milli tölva og vinna í sameiginlegum gögnum.

**Svo er stýrikerfi Macintosh-tölvanna auðvitað allt á íslensku.**

**Samanburður á vinnslugetu:**



1994

# Á íslensku? Hvers vegna?

---

- Hvers vegna hafa Danir notendaviðmót á dönsku?
- Hvers vegna hafa Frakkar notendaviðmót á frönsku?
- Hvers vegna hafa Þjóðverjar notendaviðmót á þýsku?
- Skilja þeir virkilega ekki ensku?
- Eða þykir þeim ef til vill einhvers virði — eða jafnvel sjálfgefið — að hafa notendaviðmót á sinni þjóðtungu?
- Ólíkt Íslendingum?
- Er þarna brestur í mállegri sjálfsmynd Íslendinga?

Indbakke (11154 beskedder, 18 ulæste)

Hent post Ny besked Note Slet Reklame Svar Svar alle Videre send Vis beslægtede beskedder Flag

Vis Indbakke (18) Sendt Noter Udkast (21) Med flag

Hádegisfundur: Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum? - Grand hóteli 8. maí kl. 12-14 — Indbakke

Slet Reklame Svar Svar alle Videre send Udskriv Flag

**Fra:** Skýrslutæknifélag Íslands <sky@sky.is>  [Skjul](#)  
**Emne:** Hádegisfundur: Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum? - Grand hóteli 8. maí kl. 12-14  
**Dato:** 6. maí 2013 12:53:48 GMT+00:00  
**Til:** Skýrslutæknifélag Íslands <sky@sky.is>

4 bilag, 7 KB Arkiver Vis



**Hádegisfundur miðvikudaginn 8. maí kl. 12-14  
á Grand hóteli**

**„Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum?“**

Twitter umræður: @Skylceland #islenska

**Skráningarform**

Sprenging er að verða í efni og lausnum sem Íslendingar hafa aðgang að á netinu. Það er sífellt stærri



# Horfurnar: málleg áhrif

---

- Ég dánlódaði plöggininu fyrir bráserinn en get ekki installað því af því að ég er ekki með kívordið; þarf maður að vera admin?
- Verst hvað væfæðið er slappt hérna; ég fæ ekkert signal núna.
- Seifaðu bara levelið inn á desktoppið. Þar er alías á jútilítí-fólderinn og þú klikkar bara á íkoninn en fyrst þarftu að fara í preferensana í kontrólpanelnum og stilla á öppdeit.
- **Viljum við þetta?**

# Íslenska er málið

---

- Hverjir ráða ferðinni? Íslendingar sjálfir. Þetta er í okkar höndum.
- Við þurfum að halda áfram að þýða á íslensku.
- Við þurfum að koma af stað hugarfarsbreytingu.
  - Skapa vitund um gildi íslensks notendaviðmóts.
  - Íslenskir neytendur eiga að gera kröfur um íslenskt notendaviðmót.
- Leggja þarf megináherslu á skólana:
  - Börnin eiga að fá efni á íslensku; er það ekki sjálfsgagt?
- Íslenska er lítið málsvæði — en íslenska er jafnframt aðalmálið í íslensku samfélagi.

„Settu ríplætúol á meilið og  
séséaðu á mig“

Eða gætum við kannski talað um tölvur á íslensku?

---

**Haraldur Bernharðsson**

Íslenskri málnefnd

haraldr@hi.is

**„Á íslenska sér framtíð í tölvuheiminum?“**

Hádegisfundur Skýrslutæknifélags Íslands

8. maí 2013